

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 416, 5. júní 2001, um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2001/2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 2001/2002, skal fiskiskipum, sem veiðileyfi hafa með almennu aflamarki og aflareynslu hafa í keilu, löngu og skötusel í aflamarkskerfi á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001, úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á áðurgreindu tímabili. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips, skal eingöngu leggja til grundvallar aflaupplýsingar samkvæmt aflaupplýsingarkerfinu Lóðs og hlutfall heildarafla í keilu, löngu og skötusel, sem einstök skip hafa veitt á ofangreindu viðmiðunartímabili.

Á grundvelli aflahlutdeildar skal fiskiskipum úthlutað bráðabirgðaaflamarki í keilu, löngu og skötusel fyrir fiskveiðiárið 2001/2002, sem samtals nemur 80% af leyfilegum heildarafla í hverri tegund. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 15. september 2001 til að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu vegna hennar.

Fiskistofa skal eigi síðar en 15. október 2001 senda útgerðum fiskiskipa tilkynningar um endanlega aflahlutdeild skipa þeirra í keilu, löngu og skötusel og endanlegt aflamark þeirra á fiskveiðiárinu 2001/2002, miðað við fulla úthlutun leyfilegs heildarafla í þessum tegundum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörunar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15 sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast gildi 21. ágúst og gildir til 25. september 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.